

Sumarmót norrænu geðhjálparsamtakanna á Laugarvatni

Þátttakendur hafa aldrei verið fleiri

ÞÁTTTAKENDUR á sumarmóti norrænu geðhjálparsamtakanna hafa aldrei verið fleiri. Mótið, sem stendur yfir í viku, er að þessu sinni haldið í Menntaskólanum á Laugarvatni en þar eru nú 106 einstaklingar frá sjö aðildarfélögum. Sigursteinn Músson, formaður Geðhjálp, setti mótið á mánudag.

Að sögn Bjargar Haraldsdóttur, verkefnisstjóra Rauða kross Íslands og mótsstjóra sumarmótsins, er mótið haldið fyrir fólk með geðraskanir og þar af leiðandi er fólk mismunandi mikið veikt. Marga segir hún vera með langvarandi erfiða sjúkdóma eins og geðklöfa, aðrir eru þó mun minna veikir.

„Þetta fólk á það sameiginlegt að vera opið og jákvætt. Á þessu móti kemur mikið sama fólkio aftur og aftur,“ segir Björg. Innt eftir því hver tilgangur mótsins sé segir hún hann vera fræðslu, að auka samkennd notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og einnig sé um að ræða sumarfrí fyrir þátttakendur. „Hér eru m.a. einstaklingar sem treysta sér ekki að fara í venjuleg ferðalög. Fararstjórar eru með öllum aðildarfélögum og þetta er því ákveðið öryggi en um leið frelsi til að upplifa margvíslega spennandi hluti,“ segir Björg.

Að sögn hennar er dagskrá sumarmótsins þétt skipuð og meðal þess sem boðið er upp á eru fyrirlestrar um geðheilbrigðismál, kvöldvörkur þar sem hvert land er með sitt eigið skemmtiatriði, blakmót milli landa, ferð á Gullfoss og Geysi, söguferð á Njálslóðir, dagsferð til Reykjavíkur og helgistund í Skálholti.

Hvorki ríkið né sveitarfélögin sinna sínu hlutverki

Löndin sjö sem eru aðilar að norrænu geðhjálparsamtökunum eru Ísland, Svíþjóð, Noregur, Finnland, Danmörk, Færeyjar og Álandseyjar. Sumarmótið var fyrst haldið árið 1986 í Seljord í Noregi og hefur verið haldið árlega síðan þannig að aðildarfélög landanna skipta með sér mótsstað.

Þetta er í annað sinn sem Geðhjálp heldur móti en félagið er aðili að norrænu geðhjálparsamtökunum. Björg segir þetta aldrei hafa verið framkvæmanlegt nema með styrkjum m.a. frá Norræna samstarfsráðinu fyrir fatlaða, Örykjabandalaginu og Rauða krossi Íslands sem og velvilja ýmissa fyrirkæja sem koma að dagskrá mótsins.

Pegar Norðmaðurinn Björn Hæhre, sem er varaformaður norrænu geðhjálparsamtakanna, er spurður hvernig sumarmótið hafi þróast í gegnum árin segir hann aðalþreytinguna vera, að nú sé dagskráin meira byggð á fræðslu og fyrirlestur, mótið sé því ekki lengur eingöngu skemmtimót. Aðspurður í hverju starf stjórnarmeðlima í norrænu geðhjálparsamtökanna sé aðallega fólgið segir hann að að haldinn sé stjórnarfundur tvisvar á ári og fjórða hvert ár sé aðalfundur. Á fundunum skiptast stjórnarmeðlimir landanna á upplýsingum og ræða m.a. um hluti sem betur mættu fara. Um þessar mundir er efst á baugi hvað frjáls félagsamtök eru að gera í hverju landi fyrir fólk með geðraskanir, sem og hvað ríki og sveitarfélög eiga að vera að gera. Hér skýtur Björg inn í að henni finnist hvorki ríkið né sveitarfélögin vera að sinna sínu hlutverki hér á landi.

„Búsetumál geðfatlaðra eru í ólagi, haldnir eru endalausir fundir á vegum þessara aðila en ekkert virðist gerast,“ segir hún og bætir við að hún viti um fólk sem þannig er ástætt fyrir og það sé heimilislaust. Þá finnst henni allt of fáir verndaðir vinnustaðir vera og dæmi um að þeim fáu sem séu til sé lokað vegna þess hvað rekrstrarkostnaður sé mikill.

Aðspurður um framtíð samtakanna



Þetta er ellefta sumarmót Svíans Johannes Falk, til vinstri. Til hægri er Björn Hæhre, varaformaður norrænu geðhjálparsamtakanna.



Rebeka Bjarnadóttir er einn tólf Íslendinga á sumarmóti. Mótið er jafnframt hennar fyrsta.



Björg Haraldsdóttir, mótsstjóri Sumarmótsins, segir tilgang þess vera fræðslu, að auka samkennd notenda geðheilbrigðisþjónustu og einnig sé um að ræða sumarfrí fyrir þátttakendur.

segir Björn að kannanir hafi sýnt að fjórða hver manneskja komi til með að þjáast af einhverskonar geðröskun á lífsleiðinni. Meginatriðið sé því að gera þjóðfélagið að betri stað fyrir alla.

Eykur sjálfsöryggi og sjálfsvitund

Sumarmótið á Laugarvatni er ellefta sumarmótið sem Svíinn Johannes Falk sækir. Þetta er jafnframt í fjórða sinn sem hann kemur til landsins en þess má geta að hann kom einnig á sumarmótið hér á landi þegar það var haldið árið 1991.

„Haldnir eru hópfundir meðal leiðbeinanda alla morgna og síðan heldur hver leiðbeinandi fund með sínum hópi,“ segir Johannes. Hann kveðst hafa eignast marga góða vini á mótunum í gegnum árin og það sé alltaf jafn gaman. En hvað dregur hann helst á mótin ár eftir ár? „Vera mín á mótunum eykur sjálfsöryggi mitt sem og mína andlegu sjálfsvitund. Þá læri ég ýmislegt af hinum aðildarfélögum.“

Aðspurður hvernig Svíum gangi í blakmóti sumarmótsins sagði hann þá vera í þriðja til fjórða sæti, Finnarnir væru bestir.

Strax farin að hlakka til næsta sumarmóts

Rebeka Bjarnadóttir er einn tólf Íslendinga á móti. „Þetta er fyrsta sinn sem ég fer á sumarmót og mér list mjög vel á þetta. Eg var búin að safna fyrir ferðinni í hálf ári þannig að tilhlökkunin var mikil,“ segir Rebeka. Hún kvaðst vera búin að kynnast góðu og hressu fólk og þá hafi hún haft sérstaklega gaman af fyrirlestri Guðbjargar Sveinsdóttur, forstöðumans í Vin hjá Rauða krossi Íslands. „Ég er bara í sumarfrí.“ Skemmtilegast við mótið segir hún vera að hlusta og vera innan um annað fólk og þá hafi kvöldvörkur verið einstaklega gleðilegar.

Innt eftir því hvort hún hyggist fara aftur á sumarmót telur hún það mjög líklegt. „Næsta sumarmót er í Danmörku og ég fer örugglega að spara fyrir þeirri ferð fljótlega.“